

Reykjavík, 17. janúar 2017
R16010041
6651

Innanríkisráðuneytið
Jón Gunnarsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sölvhólsögötu 7
150 REYKJAVÍK

Viðræður um framtíð Reykjavíkurflugvallar

Vísað er til bréfs innanríkisráðherra, dags. 30. ágúst 2016, þar sem óskað er viðræðna við Reykjavíkurborg um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Tilvitnað bréf var lagt fram á fundi borgarráðs sem bókaði af því tilefni að ráðið tæki jákvætt í erindið og viðræður við ríkið á grundvelli niðurstaðna svonefndrar Rögnunefndar og fól jafnframt borgarstjóra að svara bréfinu.

Reykjavíkurborg tekur undir með innanríkisráðherra um að mikilvægt sé að ríki og Reykjavíkurborg vinni saman að því að ná viðtækri sátt um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Er það einnig í samræmi við það sem fram kemur í samkomulagi ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group um innanlandsflug, sem undirritað var 25. október 2013. Liður í því að ná tilvitnaðri sátt var m.a. að kanna til fullnustu helstu staðsetningarkosti innanlandsflugs á höfuðborgarsvæðinu. Í þeim tilgangi komu aðilar á laggirnar stýrihópi sem skyldi fullkanna aðra kosti til rekstrar innanlandsflugs en framtíðarflugvöll í Vatnsmýri. Stýrihópurinn skilaði skýrslu í júní 2015. Í helstu niðurstöðum stýrihópsins kom meðal annars fram að mestir þróunarmöguleikar innanlandsflugvallar til framtíðar séu við Hvassahraun, borið saman við aðra flugvallarkosti. Með bréfi, dags. 7. júlí 2015, lýsti Reykjavíkurborg sig reiðubúna til viðræðna við ráðuneytið um næstu skref á grundvelli þeirra gagna sem stýrihópurinn aflaði og tillagna hans. Vilji Reykjavíkurborgar stendur enn til slíkra viðræðna.

Þá fagnar Reykjavíkurborg því sem fram kemur í stjórnarsáttmála nýskipaðrar ríkisstjórnar en þar segir:

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lausn á áratugadeilu um framtíð Reykjavíkurflugvallar með því að stofna til formlegra viðræðna samgöngufyrivalda, heilbrigðisyfirvalda, Reykjavíkurborgar, annarra sveitarfélaga og hagsmunaaðila. Tekin verði ákvörðun um fyrirliggjandi kosti að undangengnu mati og innviðir innanlands- og sjúkraflugs þannig tryggðir til framtíðar.

Af því tilefni áréttar Reykjavíkurborg það sem kom fram í áður nefndu bréfi, dags. 7. júlí 2015, að borgaryfirvöld eru tilbúin að eiga samstarf við ríkið um að tryggja rekstraröryggi Reykjavíkflugvallar í Vatnsmýri á meðan undirbúningur að flutningi flugvallarins og eftir atvikum framkvæmdir fara fram. Í því skyni hlyti endurskoðun á dagsetningum í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 að eiga sér stað. Jafnframt þyrfti þó að mæta þeirri þörf fyrir húsnæðisuppbyggingu sem viðkomandi svæðum er ætlað að mæta í aðalskipulagi borgarinnar og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Reykjavíkurborg er tilbúin til funda um ofangreint við fyrsta tækifæri.

Dagur B. Eggertsson